

Miðvikudagurinn 8. maí 1996 kl. 13:00

73. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 17/1996

**Erindi Líkamsræktarstöðvarinnar hf. vegna rekstrar
Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum**

I.

Málavextir

1.

Þann 11. janúar sl. barst erindi frá Líkamsræktarstöðinni hf. í Vestmannaeyjum þar sem kvartað var undan því að Íþróttamiðstöðin í Vestmannaeyjum niðurgreiddi rekstur sólarlampa og líkamsræktarsalar í Íþróttamiðstöðinni í samkeppni við rekstur Líkamsræktarstöðvarinnar hf.

Í erindinu kemur fram að Líkamsræktarstöðin hf. hafi verið stofnuð í ársbyrjun 1995 en Íþróttamiðstöðin í Vestmannaeyjum hafi boðið upp á aðgang að ljósabekkjum og líkamsræktarsal undanfarin 18 ár. Jafnframt kemur fram í erindinu að líkamsræktarsalurinn í Íþróttamiðstöðinni hafi verið fábrotinn allt til ársins 1995 er þremur tækjum var bætt í salinn og að í ársbyrjun 1996 hafi enn verið bætt við tækjum að andvirði tveggja milljóna króna. Í erindinu er vakin athygli á að ungt fólk sé aðalmarkhópur Líkamsræktarstöðvarinnar hf. en að Íþróttamiðstöðin í Vestmannaeyjum reyni með auglýsingum að höfða til fólks í framhaldsskólum og vísi til þess að í Íþróttamiðstöðinni sé ódýrast og best að stunda líkamsrækt og fara í sund og sólarlampa. Þá kemur fram í erindinu að þeir sem greiði aðgang að ljósabekkjum hjá Íþróttamiðstöðinni fái ókeypis aðgang að sundlaug, sánu og líkamsræktarsal og að þeir sem greiði fyrir aðgang að líkamsræktarsal fái ókeypis aðgang að sundlaug og sánu.

Óskað er eftir því í erindinu að samkeppnisyfirlögd mæli fyrir um fjárhagslegan aðskilnað Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum sbr. 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga.

2.

Bréf þar sem erindi Líkamsræktarstöðvarinnar hf. er rakið var sent Vestmannaeyjabæ til umsagnar. Svar barst í bréfi þann 5. febrúar sl. Í svari Vestmannaeyjabæjar kemur fram að í Íþróttamiðstöðinni í Vestmannaeyjum sé íþróttasalur, þreksalur og sundlaug. Þjónusta í þreksal sé í nánnum tengslum við aðra starfsemi Íþróttamiðstöðvarinnar og þá aðallega skólakennslu og þjálfun íþróttafólks á vegum íþróttafélaga sem hafi afnot af Íþróttamiðstöðinni. Sú þjónusta sem veitt sé í Íþróttamiðstöðinni sé þess eðlis að aðrir sem reki líkamsræktarstöðvar í Vestmannaeyjum geti ekki boðið upp á sambærilega þjónustu. Í bréfinu kemur fram að öryrkjar og aldraðir greiði ekki fyrir afnot af þreksal og að Íþróttamiðstöðin sé miðuð við þarfir fatlaðra. Aðstaða fyrir þá sé ekki til staðar hjá Líkamsræktarstöðinni hf. Jafnframt segir í bréfi Vestmannaeyjabæjar: „*Auk ofangreindra afnota er þreksalurinn ætlaður almennungi í opnum tímum, þar sem engin takmörk eru sett hvað mætingu varðar.*“

3.

Svar Vestmannaeyjabæjar var sent Líkamsræktarstöðinni hf. til umsagnar. Í svari fyrirtækisins frá 28. febrúar sl. er það sem fram kemur í upphaflegu erindi ítrekað. Svarið var sent Vestmannaeyjabæ til athugasemda og í bréfi bæjarins frá 26. apríl sl. er lagt til að málinu verði vísað frá.

4.

Samkeppnisstofnun hefur aflað upplýsinga um gjaldtöku Líkamsræktarstöðvarinnar hf. og Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum fyrir þá starfsemi sem er stunduð í samkeppni. Stakur tími í tækjasal hjá Líkamsræktarstöðinni hf. kostar 400 kr. en stakur tími í tækjasal hjá Íþróttamiðstöðinni 250 kr. Innifalið í því gjaldi hjá Íþróttamiðstöðinni er aðgangur að sundlaug og sánu en stakur tími í sund kostar 150 kr. Stakur tími í ljósalampa hjá Líkamsræktarstöðinni hf. kostar 450 kr. en hjá Íþróttamiðstöðinni kostar tíminn 380 kr. Aðgangur að tækjasal og sundlaug er innifalinn í verði Íþróttamiðstöðvarinnar. Verðmunurinn verður enn meiri ef keyptur er einn tími í ljós og eitt skipti í tækjasal. Hjá Líkamsræktarstöðinni hf. kostar það 850 kr. en 380 kr. hjá Íþróttamiðstöðinni.

5.

Fram hefur komið í samtali við forstöðumann Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum að Íþróttamiðstöðin greiði ekki virðisaukaskatt af leigutekjum af ljósalömpum. Jafnframt er Íþróttamiðstöðin undanþegin tekju- og eignarskatti samkvæmt lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt.

II. Lagaumhverfi

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Markmiðinu skal ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, þar sem fjallað um fjárhagslegan aðskilnað segir: „Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er íhlutunarheimild fyrir samkeppnisyfirvöld, en þar segir: „Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

- a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,
- b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum,
- c. óhæfilegri notkun á kaupbæti.“

III. Niðurstöður

1.

Af hálfu Vestmannaeyjabæjar er lagt til að erindi Líkamsræktarstöðvarinnar hf. verði vísað frá samkeppnisyfirvöldum. Ekki eru færð fram rök fyrir þeirri tillögu.

Líkamsræktarstöðin hf. kvartar í erindi sínu yfir þjónustu sem Íþróttamiðstöðin í Vestmannaeyjum veitir gegn endurgjaldi. Því kemur ekki til álita að vísa málinu frá, sbr. 2. gr. samkeppnislaga.

2.

Kjarni erindis Líkamsræktarstöðvarinnar hf. er að Íþróttamiðstöðin í Vestmannaeyjum, sem rekin er af Vestmannaeyjabæ, greiði niður þá starfsemi sem rekin er í samkeppni með því að bjóða þeim sem greiða fyrir samkeppnisþjónustuna ókeypis aðgang að annarri þjónustu sem Íþróttamiðstöðin veitir. Íþróttamiðstöðin reyni einnig að höfða til sama markhóps og Líkamsræktarstöðin hf. og auglýsi að þar sé „*ódýrast og best að fara í sund, líkamsrækt og sólarlampa.*“

3.

Í gögnum málsins kemur fram að skólasund og íþróttakennsla fari fram í Íþróttamiðstöðinni og að miðstöðin hafi mikinn hluta tekna sinna af þessari starfsemi. Salir Íþróttamiðstöðvarinnar séu auk þess leigðir íþróttafélögum. Tekjur af fyrrgreindri starfsemi hafi verið 72% af heildartekjum Íþróttamiðstöðvarinnar árið 1995. Kvartandi upplýsir að samkvæmt fjárhagsáætlunum Vestmanneyjabæjar leggi bærinn með þessum hætti 25–30 milljónir króna árlega til Íþróttamiðstöðvarinnar.

Ennfremur hefur verið upplýst að Íþróttamiðstöðin bjóði samkeppnisþjónustu á lægra verði en Líkamsræktarstöðin hf. Einstakur ljósatími kosti 380 kr. hjá Íþróttamiðstöðinni en 450 kr. hjá keppinautinum. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt könnun Samkeppnisstofnunar í júní 1994 var algengt að stakur tími í ljós kostaði 400–450 kr. á höfuðborgarsvæðinu. Nokkur verðhækkun hefur orðið síðan þá samkvæmt lauslegri athugun stofnunarinnar. Stakur tími í tækjasal kostar 400 kr. hjá Líkamsræktarstöðinni hf. en 250 kr. hjá Íþróttamiðstöðinni. Samkvæmt nýlegri könnun á höfuðborgarsvæðinu er algengt verð á stökum tímum í líkamsræktarstöðvum 500–600 kr.

4.

Fram hefur komið að Íþróttamiðstöðin í Vestmannaeyjum greiðir ekki virðisaukaskatt af tekjum af ljósalömpum. Í 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt segir: „*Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:*

4. *Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.*“

Gefin hefur verið út reglugerð nr. 248/1990 um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með breytingum sbr. reglugerðir nr. 548/1993, 146/1995 og 601/1995. Þar er nánar kveðið á um ofangreinda skyldu sveitarfélaga til að greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni að því leiti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Jafnframt hefur Ríkisskattstjóri með bréfum, dags. 6. og 16. nóvember og 12. desember 1995, vakið athygli ýmissa stofnana á reglum sem gilda um virðisaukaskattskyldu opinberra aðila.

Samkeppnisráð vekur athygli Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum á ofangreindum atriðum.

5.

Eigandi Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum er Vestmannaeyjabær. Bærinn ber ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum og er hann undanþeginn greiðslu tekju- og eignarskatts. Þess utan hefur verið upplýst að ekki sé greiddur virðisaukaskattur af tekjum af ljósabekkjum.

Líkamsræktarstöðin hf. er einkafyrirtæki sem greiðir skatta og skyldur sem slíkt. Fyrirtækið hóf rekstur í upphafi árs 1995. Á árinu 1995 hóf Íþróttamiðstöðin að fjárfesta í búnaði fyrir tækjasal sem þar er og síðan að beina auglýsingum til þess hóps fólks sem er helsti viðskiptavinur Líkamsræktarstöðvarinnar hf.

6.

Sá markaður sem við á í því máli sem hér er til umfjöllunar er almenni markaðurinn fyrir þjónustu tækjasala í líkamsræktarstöðvum og þjónustu ljósabekkjja. Landfræðilegi markaðurinn er Vestmannaeyjar.

Í ljósi eignarhalds, fjárframlags eiganda og þess samrekstrar á íþróttasölum, sundlaug og ljósabekkjum sem fer fram hjá Íþróttamiðstöðinni í Vestmannaeyjum telur Samkeppnisráð að Íþróttamiðstöðin hafi yfirburðastöðu á þeim markaði sem um er að ræða. Það er álit ráðsins að vegna styrkrar stöðu sinnar hafi Íþróttamiðstöðin getað boðið viðskiptavinum sínum betri kjör, bæði hvað varðar verð og þjónustu, en keppinauturinn, Líkamsræktarstöðin hf., getur boðið. Kjörin eru einnig mun betri en almennt bjóðast fyrir þjónustu á sama markaði á höfuðborgarsvæðinu.

Að mati Samkeppnisráðs varðar sú háttsemi Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum að verðleggja samkeppnisþjónustu þá sem hér um ræðir með þeim hætti sem að framan hefur verið rakið við b-lið 17. gr. samkeppnislaga. Flokkast hún undir skaðlega undirverðlagningu sem getur leitt til þess að keppinautar útilokist frá markaðnum. Með því fækki valkostum viðskiptavina.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Verðlagning Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum á þeirri þjónustu sem veitt er í samkeppni við Líkamsræktarstöðina hf. þannig að ekki verði Vestmannaeyjum hefur skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Samkeppnisráð mælir fyrir um að Íþróttamiðstöðin verðleggi þá þjónustu sem seld er í samkeppni við Líkamsræktarstöðina hf. þannig að ekki verði um undirverðlagningu að ræða sem hafi skaðleg áhrif á viðkomandi markaði. Samkeppnisþjónustuna skal ekki verðleggja undir þeim kostnaði sem henni tengist, bæði breytilegum og föstum kostnaði ásamt hlutdeild í sameiginlegum kostnaði. Við mat á kostnaði skal m.a. hafa hliðsjón af fjárbindingu í tækjum og búnaði og reikna eðlilega markaðsvexti af þeim. Ennfremur skal reikna með húsnæðiskostnaði í verðlagningunni. Innheimta skal sérstaklega fyrir aðgang almennings að ljósabekkjum, tækjasal og sundlaug.“